



Borgarráð

Nauthólsvegur 70 og lóð við Kleppsmýrarveg - Lóðarvilyrði til Bjargs hses.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að gefa Bjargi hses., kt. 490916-0670, vilyrði á úthlutun lóðar að Nauthólsvegi 79 að stærð um 5.167 m² og lóð við Kleppsmýrarveg að stærð um 4.100 m². Nánari skilmálar verða settir við formlega úthlutun lóðanna. Hafi uppbygging félagsins á framangreindum lóðum ekki hlotið staðfestingu um stofnframlög innan eins árs frá samþykkt vilyrðis þessa er borgarráði heimilt einhliða að afturkalla vilyrðið.

Greinargerð

Reykjavíkurborg, ASÍ og BSRB eiga í samstarfi um uppbyggingu leiguíbúða á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og reglugerðar nr. 555/2016.

Reykjavíkurborg og ASÍ undirrituð 12. mars 2016 sameiginlega yfirlýsingu um samstarf um uppbyggingu leiguíbúða í Reykjavík. BSRB hefur gerst aðili að viljayfirlýsingu þessari. Viðauki við viljayfirlýsinguna var undirritaður 11. apríl 2017.

ASÍ og BSRB hafa nú stofnað sameiginlegt almennt íbúðafélag, Bjarg hses., til að vinna að uppbyggingu almennra leiguíbúða.

Í samræmi við viljayfirlýsinguna frá 12. mars 2016 veitir Reykjavíkurborg hér með Bjargi hses. vilyrði fyrir lóð við Nauthólsveg og lóð við Kleppsmýrarveg.

Lóðin Nauthólsvegur 79 er samkvæmt gildandi deiliskipulagi um 5.176 m². Heimilt byggingarmagn ofanjarðar er um 5.320 m², kjallari/bílageymsla um 2.365 m² og fjöldi íbúða um 65.

Lóðin við Kleppsmýrarveg, merkt 1-1 í deiliskipulagstillögu fyrir Vogabyggð 1, er áætluð að verða um 4.100 m² að stærð. Heimilt byggingarmagn er áætlað um 5.860 m² og fjöldi íbúða 59.

Ákvæði um fyrirkomulag húsa, skipulag, útlit, frágang lóða og umhverfis, uppbyggingarhraða o.fl. verður samkvæmt samþykktum deiliskipulagsáætlunum og væntanlegum úthlutunarbréfum.

Við uppbyggingu á lóðunum skal taka mið af samþykktum ASÍ og BSRB í húsnæðismálum, stefnu og samþykktum Bjargs íbúðafélags hses., húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar, leiðarljóss borgarráðs um Nýju Reykjavíkurhúsin og samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar um ný uppbyggingarsvæði, sem samþykkt voru í borgarráði þann 27. nóvember 2014, um félagslega blöndun, yfirbragð, íbúalýðræði og hönnun. Jafnframt skal

huga að frekari félagslegri blöndun, s.s. með sölu eða útleigu ákveðins fjölda íbúða úr hverju verkefni á almennum markaði.

Félagsbústaðir hf., kt. 510497-2799, munu eiga kauprétt á kostnaðarverði á 20% íbúða á hvorri lóð samkvæmt nánara samkomulagi, sem gengið verður frá samhliða úthlutun lóðanna. Í samkomulaginu verður ákvarðað um stærðir og staðsetningu íbúða þessara, greiðsluflæði á byggingartíma miðað við framvindu uppbyggingarinnar. Félagsbústaðir munu sækja um stofnframlög vegna þessara íbúða til Íbúðalánasjóðs og Reykjavíkurborgar.

Greiðslur fyrir byggingarrétt á framangreindum lóðum verða ákvarðar í reglum sem Reykjavíkurborg mun setja um íbúðir, sem falla undir stofnstyrki skv. lögum nr. 52/2016.

Greiðslufyrirkomulag verður eftir reglum Reykjavíkurborgar og nánara samkomulagi.

Bjarg hses. mun með sérstakri umsókn sækja um stofnframlög vegna uppbyggingar á lóðunum, sem háð verður samþykkt Íbúðalánasjóðs annars vegar og hins vegar Reykjavíkurborgar, skv. ákvæðum laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og reglum þar um. Forsenda fyrir uppbyggingu á framangreindum lóðum er að Bjarg hses. fái samþykki fyrir stofnframlögum. Hafi uppbygging félagsins á framangreindum lóðum ekki hlotið staðfestingu um stofnframlög innan eins árs frá samþykkt vilyrðis þessa er borgarráði heimilt einhliða að afturkalla vilyrðið.

Hrólfur Jónsson